

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

34. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2025, föstudaginn 13. júní kl. 8:30, var haldinn 34. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Jónas Ólafur Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott, Sigurdís Samúelsdóttir og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gætti fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 34. fund sveitarstjórnar

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.

2. Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2024 – síðari umræða

Sveitarstjórn samþykkir ársreikning Súðavíkurhrepps 2024 samhljóða.

Niðurstöðutölur gefa jákvæða afkomu á A- og B-hluta um 88,1 mkr.

Skuldaviðmið er 0% og eigið fé telst vera 897,4 mkr. í árslok.

Sveitarstjórn telur afkomu sveitarfélagsins vel viðunandi miðað við fjárfestingar og áætlanir.

3. Fundargerð 47. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 11. júní 2025

Fundargerðin er samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð 5. fundar atvinnu- og landbúnaðarnefndar dags. 10. júní 2025

Fundargerð er samþykkt samhljóða.

5. Erindi frá Ísafjarðarbæ vegna sameiningarmála – bréf dags. 2. júní 2025

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps þakkar fyrir erindi Ísafjarðarbæjar.

Súðavíkurhreppur hefur þegið boð Strandabyggðar um sameiningarviðræður og mun halda þeim áfram. Hins vegar tekur sveitarstjórn jákvætt í boð Ísafjarðarbæjar um sams konar óformlegar sameiningarviðræður og tekur undir að heppilegt væri að skoða greiningu á kostum sameiningar sveitarfélaga á Vestfjörðum.

6. Beiðni Orkubús Vestfjarða um breytingar á friðlýsingarskilmálum Vatnsfjarðar

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps tekur undir bókun bæjarráðs Ísafjarðarbæjar um að óráð sé að skoða ekki áfram virkjanakost í Vatnsdal í Vatnsfirði, meðan ekki hafa komið fram aðrir sambærilegir eða jafngóðir kostir til að auka við öflun endurnýjanlegrar orku á Vestfjörðum.

7. Bryggja í Vigur – erindi tp. Gísli Jónsson dags. 3. júní 2025


Sveitarstjórn bauð Gísla Jónssyni inn á fund sveitarstjórnar til þess að fylgja eftir erindi sínu. Gísli sendi skilaboð um það að hann hefði ekki tök á því að koma inn á fundinn. Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar frá 47. fundi dags. 11. júní 2025. Ef ekki semst um staðsetningu flotbryggju í Vigur verður ekki af verkefninu að óbreyttu. Sveitarstjórn fylgir ráðleggingum Köfunarþjónustunnar um staðsetningu m.t.t. dýpis og aðkomu við eyнна.


8. Erindi til kynningar – fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vestfjarðastofu ofl.

- a. 979. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- b. 980. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:45


Bragi Þór Thoroddsen


Jónas Ólafur Skúlason

Eiríkur Valgeir Scott

Sigurdís Samúelsdóttir


Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti